



Hreppsnefnd 4. desember 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 4. desember 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 4. des. 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Auður Jónsdóttir, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar 20. nóv. 2001. Sveitarstjóri greindi frá fundi sínum og Emils með bankastjórum Landsbankans varðandi 8. tl. fundargerðarinnar, "Landsbankinn Þjónustuminnkun". Mikil umræða varð um opnunartíma Landsbankans eins og hún er orðin, og hvernig helst verði staðið að því að fá bankaþjónustu í sveitarfélagið sem sé ásættanleg. Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

2. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 22. nóv. sl. Fundargerðin samþykkt.

3. mál. Fjárveiting til Kaupvangs við 2. umræður fjárlaga. Rætt var um fjárveitingu til Kaupvangs, er ákveðin hefur verið 7 m.kr., sem er lægri fjárhæð en ráð hafði verið fyrir gert. Í þessu sambandi kom og fram að endurskoða þyrfti framkvæmdahraða endurbyggingarinnar í samræmi við fjárveitingu á fjárlögum. Sveitarstjóri lagði fram til kynningar bréf, sem sent hefur verið Fjárlaganefnd Alþingis, varðandi ósk um viðbórarfjárveitingu áður en fjárlög verða endanlega samþykkt.

4. mál. Erindi til Byggðarstofnunar dags. 4. nóv. sl., varðandi stofnun á sérstöku eignarhalds- og þróunarfélagi, sem hafi það að markmiði að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga, sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða. Í bréfinu er óskað eftir aðkomu Byggðastofnunar með tilteknum hætti að hinu nýja félagi.

5. mál. Vopnfirningar virkja, hugmyndir um tilnefningu í framkvæmdahóp atvinnumála o.fl. Vopnfirðingar virkja tilnefning í sérstakan starfshóp er vinni að því að fylgja eftir framkvæmd stefnumótunarvinnunnar "Vopnfirðingar virkja", samanber og 2. tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 23. okt. sl.

Nokkrar umræður urðu um skipan mála.

Fram kom svofelld tillaga:

"Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að skipaður verði fjögurra manna starfshópur til að fylgja eftir stefnumótunaráætluninni "Vopnfirðingar virkja". starfshópurinn skipi eftirtaldir:

Aðalbjörn Björnsson

Emil Sigurjónsson

Steindór Sveinsson

og Þorsteinn Steinsson

Hópurinn skal funda vikulega og skal kalla til sín fulltrúa atvinnulífsins eftir þörfum, svo og aðra þá aðila, sem hópurinn telur nauðsynlegt að hafa samráð við. Sérstakur starfsmaður starfi við verkefnið með hópnunum."

Oddviti skýrði frá því að talað hefði verið við Magnús Má Þorvaldsson, um að vera starfsmaður við verkefnið Vopnfirðingar virkja.

Engin ákvörðun liggur fyrir enn sem komið er .

6. mál. Erindi sóknarnefndar Vopnafjarðarkirkju, þar sem óskað er eftir styrk til þess að hreinsa gólf

kirkjunnar. Samþykkt var að styrkja verkefnið um allt að 200 þús. kr.

7. mál. Ýmasar fundargerðir

a) Fundargerðir launanevndar sveitarfélaga frá 7. og 21. nóv. sl.

b) Fundargerð aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands frá 23. nóv. sl.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál.

Hreppsnefndarmenn voru sammála um að standa með svipuðu sniði að undirbúningi áramótafagnaðar m.a. með tilliti til flugeldasýningar og ljósa í Miðhólma.

Næsti hreppsnefndarfundur er áætlaður þriðjudaginn 18. des. en ákveðið að eftir áramót verði fundardagar á fimmtudögum.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit oddviti fundi og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu.